



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Arngunnur spilar Mozart

10. september 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Áætluð tímalengd verka:

Eldur: 13'

Klarínettkonsert: 27'

Sinfónía: 30'

Mynd á kápu: Margrét Þorsteinsdóttir, fiðla, Þórdís Stross, fiðla,
Gunnhildur Daðadóttir, fiðla, Þórarinn Már Baldursson, víóla.
Í aftari röð: Dóra Björgvinsdóttir, fiðla, Sesselja Halldórsdóttir, víóla og
Guðrún Þórarinsdóttir, víóla.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Arngunnur spilar Mozart

Tónleikar í Eldborg 10. september 2015 » 19:30

Cornelius Meister hljómsveitarstjóri

Arngunnur Árnadóttir einleikari

Jórunn Viðar

Eldur (1950)

W.A. Mozart

Klarínetskonsert í A-dúr (1791)

Allegro

Adagio

Rondo. Allegro

Hlé

Robert Schumann

Sinfónía nr. 1 í B-dúr, „Vorsinfónían“ (1841)

Andante un poco maestoso – Allegro molto vivace

Larghetto

Scherzo: Molto vivace – Molto più vivace – Tempo I

Allegro animato e grazioso

Cornelius Meister

hljómssveitarstjóri



©Marco Borggreve

Cornelius Meister hefur gegnt stöðu aðalstjórnanda Útvarpshljómssveitarinnar í Vínarborg frá árinu 2010. Hann stjórnar áskriftartónleikum sveitarinnar í Musíkverein og Konzerthaus í Vínarborg, en einnig á tónleikaferðalögum og tónlistarhátíðum, til dæmis Salzburgarhátíðinni og í Berlínar-fílharmóníunni. Meister hefur einnig stjórnað mörgum helstu hljómssveitum heims, til dæmis Concertgebouw-hljómssveitinni í Amsterdam, Birmingham-sinfóníunni, Dönsku þjóðarhljómssveitinni, Fílharmóníunni í Helsinki og Orchestre de Paris. Hann hefur stjórnað óperum í Vínaróperunni, San Francisco, Tókýó, Kaupmannahöfn og við Konunglega óperuhúsið í Covent Garden, þar sem hann debúteraði sumarið 2014 með *La Bohème* eftir Puccini.

Meister er fæddur í Hannover árið 1980 og lærði píanóleik og hljómssveitarstjórn við háskólann þar í borg, þar sem faðir hans er píanóprófessor. Meister lagði einnig stund á framhaldsnám í hljómssveitarstjórn við Mozarteum-tónlistarháskólann í Salzburg. Hann hefur komið fram sem píanóleikari í Evrópu og Bandaríkjunum, m.a. leikið og stjórnað um leið konsertum eftir Grieg, Liszt, Mendelssohn, Beethoven og *Rhapsody in Blue* eftir Gershwin. Hann var áður tónlistarstjóri í Heidelberg og hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín.

Arngunnur Árnadóttir

einleikari



 @AKArngunnur

Arngunnur Árnadóttir er fædd í Reykjavík árið 1987. Hún byrjaði að læra á klarínett átta ára gömul hjá Hafsteini Guðmundssyni. Síðar lærði hún hjá Kjartani Óskarsyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og Einari Jóhannessyni við Listaháskóla Íslands. Hún stundaði framhaldsnám við Hochschule für Musik „Hanns Eisler“ í Berlín hjá Ralf Forster og Wenzel Fuchs og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn sumarið 2012.

Arngunnur hefur leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, meðal annars sem sigurvegari í einleikarakeppni SÍ og Listaháskóla Íslands. Hún hefur flutt kammermúsík í Berlín, Amsterdam, London og á Íslandi, þar á meðal á vegum Kammersveitar Reykjavíkur og á Podium Festival. Auk klassískrar tónlistar hefur Arngunnur leikið dægurtónlist með hljómsveitunum Hjaltalín og Samaris.

Frá árinu 2012 hefur Arngunnur starfað sem fyrsti klarínett-leikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Arngunnur Árnadóttir mun einnig leika klarínettkonsert Mozarts á opnum hádegistónleikum í Hörpu á morgun. Sinfóníuhljómsveitin leggur land undir fót í lok október með glæsilega efnisskrá í farteskinu þar sem Arngunnur mun flytja konsertinn á tónleikum á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.

Jórunn Viðar

Eldur



Jórunn Viðar (f. 1918) stundaði tónlistarnám hjá móður sinni og Páli Ísólfsyni sem ung stúlka og hélt áfram námi hjá Árna Kristjánssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík á árunum 1932–36. Hún nam við Tónlistarháskólann í Berlín 1937–39 og Juilliard-skólann í New York 1943–45, auk þess sem hún sótti píanótíma í Vínarborg 1959–60. Jórunn hélt fjölda einleikstónleika hér á landi, lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í konsertum eftir Mozart, Beethoven, Chopin og Schumann, og starfaði um árabíl sem kennari við Söngskólann í Reykjavík. Tónlist hennar er litrík og oft með þjóðlegum blæ. Meðal helstu verka hennar eru píanókonsertinn *Slátta*, ballettarnir *Eldur* og *Ólafur Liljurós*, kórverkið *Mansöngur fyrir Ólafs rímu Grænlandings* og fjöldi sönglaga sem njóta mikilla vinsælda hjá ungum sem öldnum.

Jórunn lét mjög að sér kveða í íslensku tónlistarlífi á árunum um 1950. Hún var framúrskarandi píanisti og hélt einleikstónleika í Austurbæjarbíói 1947 og aftur 1952 auk þess sem hún lék með Sinfóníuhljómsveitinni og söngvurum. Þá samdi hún tónlist við barnaleikritið *Grámann í Garðshorni* og við kvikmynd Óskars Gíslasonar, *Síðasti bærinn í dalnum*, sem var frumsýnd í febrúar 1950. *Eldur* var saminn fyrir Listamannaþing sem fór fram í hinu nýopnaða Þjóðleikhúsi þá um vorið. Eitt kvöldið, 2. maí, var þar dansaður ballett og eins og ónefndur gagnrýnandi *Tímans* sagði í frásögn sinni fengu listdansarar „nú í fyrsta sinn svið, sem gefur þeim einhverja möguleika, og má því vona bráðra framfara á því sviði“.

Jórunn segir um verk sitt: „Þegar Þjóðleikhúsið hóf starfsemi sína árið 1950 opnuðust ýmsir möguleikar sem áður voru litlir sem engir, til dæmis tækifæri til danssýninga á stóru sviði með fullkomnum tækjabúnaði og ljósadýrð. Þá um vorið var haldið listamannaþing og fluttur *Eldur*, ballett í einum þætti. Dansinn var saminn af Sigríði Ármann og tónlistin af mér. Tónlistin þarfnast engra skýringa, hún er samin með dansinn í huga. Hugsi maður um eld koma fram ótalmargar myndir: blossandi bál, leiftur, blys, funi, glóð, aska.“

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveitin lék þegar *Eldur* var frumsýndur á Listamannaþingi í Reykjavík 1950 við ballett Sigríðar Ármann. Þá stjórnaði Róbert Abraham Ottósson verkinu. *Eldur* hljómaði fjórum sinnum á tónleikum SÍ í Háskólabíói og voru stjórnendur Karsten Andersen (1976), Osmo Vänskä (1993), Petter Sundqvist (1999) og Petri Sakari (2008). Síðast hljómaði verkið í Eldborg í flutningi félaga úr SÍ undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur á tónleikum KÍTÓN (Félags kvemma í tónlist) í mars 2014.

W.A. Mozart

Klarínettkonsert



Á síðustu áratugum 18. aldarinnar tók nýtt hljóðfæri, klarínett, að ryðja sér til rúms. Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) hafði fyrst samið fyrir slíkan grip árið 1771 en það var ekki fyrr en löngu síðar að hann komst í kynni við fyrsta flokks einleikara sem varð hvatinn að konsertinum sem hljómar í kvöld. Anton Stadler var frímúrari eins og Mozart, dáður klarínettleikari og fastráðinn við hljómsveit Golítsyn prins, rússneska sendiherrans í Vínarborg.

Mozart hafði varla samið neitt að ráði árið 1790. Síðasta árið sem hann lifði var hagur hans aftur tekinn að vænkast og nú runnu meistaraverkin fram eitt af öðru. Það var haustið 1791, eftir að Mozart sneri aftur heim frá Prag þar sem óperan *La clemenza di Tito* var frumflutt, að hann tók að semja klarínettkonsertinn. Hann átti í fórum sínum drög að konsert fyrir bassetthorn, sennilega frá því tveimur árum áður, sem hann gat notað til að koma sér af stað. Þetta voru annasamir mánuðir í lífi tónskáldsins; *Töfraflautan* var fullgerð í lok september og fáeinum vikum síðar var konsertinn til reiðu. Hann var síðasta verkið í stóru formi sem Mozart náði að ljúka við áður en hann lést. Hann veiktist 20. nóvember og tveimur vikum síðar var hann allur.

Tónlistin á Íslandi

Það var Elísabet Haraldsdóttir sem fyrst lék klarínettkonsert Mozarts með *Sí*, í Austurbæjarbíói árið 1953. Síðan hafa m.a. leikið einleik í verkinu Egill Jónsson (1956), Einar Jóhannesson (1984, 1985 og 2001), Sigurður I. Snorrason (1997) og Martin Fröst (2009). Martin Fröst lék konsertinn einnig með Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar á tónleikum hennar í Hörpu árið 2011.

Eins og mörg önnur verk Mozarts í A-dúr er klarínettkonsertinn bjartur og heiðskír. Fyrsti þátturinn er næstum ójarðneskur, upphafin fegurðin engu lík. Aldrei hafði hann áður notað flautur af slíkri nærgætni í hljómsveitarmeðleik; aldrei hafði hann heldur léð undirstöðu hljómannanna svo gegnsæjan blæ með því að nota selló án kontrabassa. Hægi kaflinn er *Adagio*, sem er fremur sjaldséð hraðaforskrift hjá Mozart og til marks um að hér sé alvara á ferð. Rondóið er glaðvært, en um leið friðsælt og býr yfir djúpri visku. Varla er hægt að hlýða á slíka tónlist án þess að minnst þess að hér er á ferðinni svanasöngur eins mesta tónsnillings allra tíma. Svo vitnað sé í tónlistarfræðinginn H.C. Robbins Landon: „Hér brosir tónlistin gegnum tárin.“

Robert Schumann

Sinfónía nr. 1



Í janúar 1841 stóð Robert Schumann (1810–1856) á hátindi sköpunar sinnar. Skömmu áður hafði hann fengið að kvænast sinni heittelskuðu, Clöru Wieck, eftir margra ára stríð við tilvonandi tengdaföður sinn. Árið 1840 helgaði Schumann nær algjörlega sönglagagerð og samdi alls 121 lag, þar á meðal margar frægustu perlur sínar. Árið 1841 var hins vegar „sinfóníska árið“ á ferli tónskáldsins. Það hófst með allnokkrum tilþrifum því að Schumann samdi „Vorsinfóníuna“ svonefndu á fjórum dögum í janúar 1841. Sjálfur sagði hann að „sinfónískur eldur“ hefði logað í brjósti sínu enda er tónsmíðahraðinn næstum óskiljanlegur, ekki síst fyrir þær sakir að þetta var fyrsta fullgerða sinfónía hans. Schumann hafði ekki samið hljómsveitarverk svo árum skipti. Hið eina sem hann gat státað sig af í þeim efnum voru drög að „Hamlet-sinfóníu“ frá 1830 sem ekkert varð úr, og aðra sinfóníu tveimur árum síðar, sem hann lagði hálfkláraða á hilluna.

Í sinfóníunni sækir Schumann innblástur til tveggja verka: fjórðu sinfóníu Beethovens og sinfóníu Schuberts í C-dúr, sem hann heyrði á tónleikum í Leipzig í desember 1839. Vorsinfónían hefst á hægum inngangi. Fyrst heyrast lúðrablástur sem er fenginn að láni úr sinfóníu Schuberts og myndar grunninn að aðalstefi fyrsta þáttar. Glæsilegt stefið hljómar aftur í strengjum og blásurum en eftir aðeins fjóra takta „hrynur“ inngangurinn niður í skakka tóntegund, moll í stað dúr, með afdrifaríkum afleiðingum. Smám saman verður tónlistin rólegri og bjartari áheyrnar, og að lokum brýst glaðvært aðalstefið fram. Þótt ekki væri nema fyrir þennan fjöruga kafla myndi sinfónían verðskulda viðurnefni sitt, því hann er einhver ferskasta afurð rómantíkurinnar í sinfónísku formi, ilmandi af ferskri angan vorsins.

Annar kaflinn er röð tilbrigða við fagurlega mótaða hendingu sem hljómar í fiðlum í upphafi. Í lokatöktunum hljóma básúnur í fyrsta sinn eftir langa þögn og leika tvær dularfullar hendingar. Um skeið ríkir töluverð óvissa um hvað muni

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníur Schumanns hljóma fremur sjaldan hér á landi. Sí hefur leikið Vorsinfóníuna átta sinnum, fyrst undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1954, en síðast undir stjórn Arild Remmereit árið 2010.

gerast næst, en að lokum leiðir tónlistin beint inn í þriðja þátt. Hann hefst einmitt á þessu sama stafi, sem Schumann hefur nú umbreytt í hraðan og afgerandi *scherzo*-þátt. Kaflinn er óvenjulegur að því leyti að í því eru tvö tríó en ekki eitt; svipaða vikkun formsins hafði Beethoven raunar reynt í nokkrum símfóníum sínum. Fyrri tríóið einkennist af samtali milli tréblásara og strengja, en hið síðara er öllu ágengara, með rísandi og fallandi tónstigum til skiptis.

Sjaldan hefur yfirskriftin „*grazioso*“ átt betur við en í lokapætti símfóníunnar; léttstígar fiðluhendringarnar hljóta að hafa verið Tsjajkovskíj innblástur þegar hann samdi ballettónlist sína áratugum síðar. Af og til kveður við alvarlegri tón, til dæmis þegar óbó og fagott leika stef sem minnir á lokapáttinn í píanóverkínu *Kreiseriana* sem Schumann hafði samið þremur árum áður. Að öðru leyti er kaflinn kátínan uppmáluð, verðugur lokapunktur eins líflegasta vorboða símfónískrar tónlistar.

Árni Heimir Ingólfsson

Hljómsveit á tónleikum

10. september 2015

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Pascal La Rosa
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Vigdís Másdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Runólfsdóttir

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson

HORN

Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eypórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



Síminn 

Njóttu Sinfóníunnar heima með Sjónvarpi Símans

siminn.is/sinfonian

Síminn sendir beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvisvar í mánuði í allan vetur

Fyrstu tvennir tónleikarnir verða sendir út í opinni dagskrá:

- Þann **3. september kl. 19:30** opnar okkar ástsæli **Kristinn Sigmundsson** tónleikaárið með öllum uppáhaldsariunum sínum af glæstum ferli hjá helstu óperuhúsum heims.
- Þann **17. september kl. 19:30** munu nokkur dádústu verk Mozarts og Beethovens hljóma á tónleikum sem helgaðir eru Vínarmeisturunum miklu.

Njóttu Sinfóníunnar í nærmynd fyrir 2.900 kr. á mánuði í Sjónvarpi Símans.

Pantaðu áskrift í síma 800 7000.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að snilld

Sala áskriftar- og Regnbogakorta stendur yfir í miðasölu Hörpu og í síma 828 5050.

Með áskrift tryggir þú öruggt sæti og ríflegan afslátt á tónleika – og ógleymanlega upplifun. Ungt fólk, 25 ára og yngri, fær 50% afslátt af miðaverði á Regnbogakort.

Kynntu þér litríka og metnaðarfulla dagskrá á sinfonia.is.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfó